


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	<b>ENS423</b> <b>Kennsluáætlun Haust 2013</b>	

<b>Kennari</b>	Baldvin Ringsted	<b>Sk.st.</b>	BAR
----------------	------------------	---------------	-----

**Áfangalýsing:** Unnið með vísindatengt efni á ýmsan máta. Verkefni, þýðingar, kynningarverkefni ofl. Nemendur gera stíla og þýðingarverkefni, unnið með málfræði, t.d. orðflokka, orð af erlendum uppruna o.s.frv. Ein skáldsaga er lesin og krufin til mergjar. Tæpt á nokkrum hugtökum úr bókmenntafræði.

**Markmið:** Að auka orðaforða á sviði vísinda og auka færni nemenda í framsetningu og skipulögðum vinnubrögðum.

**Námsgögn:** *Echoes of English 423* (skrifstofa), *Carrie*, e. Stephen King, allar óstytta útgáfur. (Bókabúðir)


**Áætlun um yfirferð:** Eftir miðja önn flytja nemendur kynningu á viðfangsefni sem tengist lesefni áfangans. Að öðru leyti verður um jafna yfirferð að ræða á skáldsögu og köflum og verkefnum úr leshefti.

#### Verkefni:

Nemendur skila verkefnum úr skáldsögu, stílum og orðaforðaverkefnum úr lesköflum, vinna vefæfingar í málfræði og flytja munnlega kynningu á völdu sérverkefni.

#### Námsmat og vægi námsþátta:

Námsþáttur	Vægi %	Nánar
Verkefni úr <i>Carrie</i>	15%	5 kaflapróf, 4 bestu gilda ef öll eru tekin
Kynningarverkefni	15%	Nemendur kynna ákveðið málefni tengt lesefni.
Þátttökueinkunn	15%	Stílar, þýðingar, vefæfingar og annað sem nemendur gera heima og í kennslustundum.
Kaflapróf um miðja önn	5%	Próf úr 5 fyrstu lesköflum lesheftis auk æfinga.
Lokapróf	50 %	Skriflegt lokapróf í desember.
Samtals	100 %	Nemendur þurfa að ná 45% á lokaprófi til að annareinkunn gildi

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	<b>ENS423</b> <b>Kennsluáætlun Haust 2013</b>	
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

## Áætlun um yfirferð

### Lota 1

Lesnir kaflar 1 og 2 í leshefti, unnið með málfræði- og orðaforðaaatriði.

### Lota 2

Lesnir kaflar 3 og 4 í leshefti, unnið með málfræðiatríði. Umfjöllun um skáldverk hefst og fyrsta verkefnið unnið. Unnið með eitt þema.

### Lota 3

Lesinn kafli 5 í leshefti, próf úr fyrstu 5 köflunum. Áfram unnið með málfræði og málnotkun. Lestur skáldsögu heldur áfram og verkefni númer 2 lagt fyrir. Unnið með eitt þema.

### Lota 4

Kafli 6 í leshefti tekinn fyrir auk málfræði- og orðaforðaverkefna. Verkefni 3 í skáldverki lagt fyrir að lokinni viðeigandi yfirferð. Undirbúningur hafinn að vinnslu kynningarverkefnis.

### Lota 5

Lesnir kaflar 7 og 8 auk viðeigandi verkefna. Skáldsöguverkefni no 4 tekið fyrir og nemendur kynna valið viðfangsefni. Unnið með eitt þema.

### Lota 6

Lesinn kafli 9 og verkefni unnin úr leshefti. Lokaverkefni skáldsögunnar lagt fyrir. Umræður og upprifjun.

Nemendum **ber að skila öllum verkefnum** sem sett eru fyrir og halda sig innan þeirra marka sem kveðið er á um mætingu. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladag. Skilafrestur verður ekki framlengdur. Nái nemandi ekki að skila á réttum tíma þá lækkar einkunn um einn heilan fyrir hvern virkan dag sem líður. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það 0 í einkunn. Lágmarkseinkunn er 5 og skal hver nemandi ná henni bæði í lokaeinkunn og prófseinkunn. Það þýðir að námseinkunnir reiknast ekki með í annareinkunn nema nemandinn ná einkunninni 5 (þ.e. 45 til 54% markmiða náð) á lokaprófi.

**Verði nemandi uppvís að ritstuldi við samningu ritgerða eða annarra verkefna fær hann einkunnina 0,0 fyrir viðkomandi verkefni. Endurtekin brot geta varðað brottvikningu úr áfanganum.**

**Birt með fyrirvara um breytingar.**

## Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils